

**Persónuvernd**  
06 251

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Persónuvernd**

**kt. 560800-2820**

**Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra. Ráðherra skipar bæði forstjóra og stjórn Persónuverndar. Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi hennar en að öðru leyti ákveður stjórn skiptingu starfa á milli hennar og skrifstofu. Í því skyni hefur stjórn sett reglur nr. 876/2018 um skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna Persónuverndar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 307,1 milljónir og afkoma kr. 0,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 45,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Persónuverndar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Persónuverndar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Helga Þórisdóttir,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	298.600.000	288.400.000
Seld þjónusta .....	3	2.828.860	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	3.249.209	719.183
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.449.053	2.123.692
<b>Tekjur samtals</b>		<u>307.127.122</u>	<u>291.242.875</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	250.245.884	223.367.774
Annar rekstrarkostnaður .....	6	53.876.492	66.611.926
Afskriftir .....	7	2.449.053	2.123.692
<b>Gjöld samtals</b>		<u>306.571.429</u>	<u>292.103.392</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		555.693	(860.517)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(533)	(20.928)
		<u>(533)</u>	<u>(20.928)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>555.160</u></u>	<u><u>(881.445)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		7.442.322	7.897.795
Aðrar eignir .....		121.205	139.704
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>7.563.527</u>	<u>8.037.499</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	37.535.117	36.555.524
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>37.535.117</u>	<u>36.555.524</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>45.098.644</u>	<u>44.593.023</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		378.852	(176.308)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>378.852</u>	<u>(176.308)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	342.420	3.118.444
Viðskiptaskuldir .....		2.955.276	2.387.073
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	27.203.689	25.596.354
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	14.218.407	13.667.460
<b>Skuldir samtals</b>		<u>44.719.792</u>	<u>44.769.331</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>45.098.644</u>	<u>44.593.023</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		555.160	(881.445)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	2.449.053	2.123.692
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.449.053)	(2.123.692)
		<u>555.160</u>	<u>(881.445)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		0	66.929
Tengdir aðilar .....		(2.730.698)	(1.937.506)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		2.175.538	2.752.022
		<u>(555.160)</u>	<u>881.445</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(1.975.081)	(1.949.031)
		<u>(1.975.081)</u>	<u>(1.949.031)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		1.975.081	1.949.031
		<u>1.975.081</u>	<u>1.949.031</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	298.600.000	288.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.449.053	2.123.692
	<u>301.049.053</u>	<u>290.523.692</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	298.600.000	0	0	298.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>298.600.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>298.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(298.044.840)	0	0	(298.044.840)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>555.160</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>555.160</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	2.802.400	0
Selt fæði .....	26.460	0
	<u>2.828.860</u>	<u>0</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	3.249.209	0
Ýmsar tekjur .....	0	719.183
	<u>3.249.209</u>	<u>719.183</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	201.308.932	173.685.679
Orlof, breyting .....	1.987.096	8.068.142
Launatengd gjöld .....	44.782.306	38.804.394
Starfsmannakostnaður .....	2.167.550	2.809.559
	<u>250.245.884</u>	<u>223.367.774</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	18,1	16,5

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	818.043	1.239.387
Byggingarvörur, almennar .....	495	0
Ýmis tæki og áhöld .....	444.040	495.113
Orkugjafar .....	1.201.522	1.579.365
Matvæli .....	1.306.408	3.496.047
Almennar rekstrarvörur .....	267.315	136.881
Vörukaup, almenn	4.037.823	6.946.793
Kennslu- og fönðurvörur .....	0	30.000
Ýmsar sérgreindar vörur .....	42.691	0
Vörukaup, sérgreind	42.691	30.000
Fundur, námskeið, risna .....	940.700	2.028.911
Ferðir, uppihald .....	1.245.155	7.664.015
Akstur .....	46.298	225.849
Sérfræðiþjónusta .....	11.533.426	12.072.373
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	27.311	30.175
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.068.649	965.562
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.198.704	1.169.450
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.060.243	24.156.335
Afnotagjöld .....	10.066.154	10.321.317
Leigugjöld .....	19.979.813	19.869.328
Notkun véla og flutningatækja .....	75.240	125.370
Verkkaup .....	3.174.106	4.590.466
Kostnaðarhlutdeild .....	440.422	572.317
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	33.735.735	35.478.798
Annar rekstrarkostnaður samtals	53.876.492	66.611.926
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.430.554	2.105.193
Aðrar eignir .....	18.499	18.499
	2.449.053	2.123.692

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	7.442.322	7.897.795
Aðrar eignir .....	121.205	139.704
	<u>7.563.527</u>	<u>8.037.499</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	15.863.700	184.995	16.048.695
Viðbætur á árinu .....	1.975.081	0	1.975.081
	<u>17.838.781</u>	<u>184.995</u>	<u>18.023.776</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	7.965.905	45.291	8.011.196
Afskrift ársins .....	2.430.554	18.499	2.449.053
	<u>10.396.459</u>	<u>63.790</u>	<u>10.460.249</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>7.442.322</u>	<u>121.205</u>	<u>7.563.527</u>
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	

## 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	37.535.117	36.555.524
	<u>37.535.117</u>	<u>36.555.524</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	342.420	3.118.444
	<u>342.420</u>	<u>3.118.444</u>

## 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(176.308)	705.137
Afkoma ársins .....	555.160	(881.445)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>378.852</u>	<u>(176.308)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	27.203.689	25.216.593
Ógreidd laun .....	0	195.300
Önnur ógreidd gjöld .....	0	184.461
	<u>27.203.689</u>	<u>25.596.354</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	7.563.527	8.037.499
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	6.654.880	5.629.961
	<u>14.218.407</u>	<u>13.667.460</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	8.037.499	5.629.961	13.667.460
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.000.000	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1.975.081	(1.975.081)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(2.449.053)	0	(2.449.053)
	<u>7.563.527</u>	<u>6.654.880</u>	<u>14.218.407</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 20,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 13,7 milljónum. Einnig hafa verið gerðir aðrir rekstrarsamningar sem einnig eru ótímabundnir og nema árlegar greiðslur vegna þeirra kr. 240 þúsundum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.